

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 25. mars 2021  
UST202103-218/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Arnarbæli – Grímsnes- og Grímsneshreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Arnarbæli 1c í Grímsnesi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið gengur út á að heimilt er að reisa allt að 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús og um 100 m<sup>2</sup> skemmu innan 2.700 m<sup>2</sup> byggingareits.

#### **Náttúruminjaskrá**

Í greinargerð segir að land þetta er ekki á verndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að það er ekki rétt.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Arnarholt og Arnarbæli og er númer 769 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem fagurt landslag við Hvítá undan Arnarholti. Auk þess segir að áin þrengir sér þar í hvítfyssandi flúðum milli þriggja gróskumikilla hólma. Fallegt votlendi milli Arnarholts og klettaborga við Arnarbæli, þar sem áður voru áveitur.

Í greinargerð kemur fram að uppbygging mannvirkja á svæðinu mun, hafa einhver neikvæð áhrif á ásýnd og landslag. Auk þess segir að dregið er úr neikvæðum áhrifum eins og hægt er, með því að setja skilmála.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tillagan og uppbygginga á svæðinu hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og rýri ekki verndargildi svæðisins.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson  
sérfræðingur